

# Ferðatryggingasjóður

Ársreikningur

2024

Ferðatryggingasjóður  
Geirsgötu 9  
101 Reykjavík  
Kt. 640821-1750

# Ferðatryggingasjóður

Ársreikningur

2024

## Efnisyfirlit

|                            |      |
|----------------------------|------|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2-3  |
| Skýrsla stjórnar           | 4    |
| Rekstrarreikningur         | 5    |
| Efnahagsreikningur         | 6-7  |
| Yfirlit um sjóðstreymi     | 8    |
| Skýringar                  | 9-11 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar Ferðatryggingasjóðs

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ferðatryggingasjóðs fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ferðatryggingasjóðs á árinu 2024, efnahag hans 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024 í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Ferðatryggingasjóði í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Ferðatryggingasjóðs. Ef við á, skal stjórn setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé villandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft

## Áritun óháðs endurskoðanda

---

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að vika frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra efirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Bolungarvík, 16. júní 2025.

Endurskoðun Vestfjarða ehf.



Jón Þorgeir Einarsson  
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

---

Ferðatryggingasjóður var stofnaður á árinu 2021. Sjóðurinn er sameiginlegur tryggingasjóður ferðaskrifstofa sem tryggir endurgreiðslur til ferðamanna við ógjaldfærni eða gjaldþrot seljanda pakkaferða. Ferðatryggingasjóður er sjálfseignarstofnun.

Ársreikningur Ferðatryggingasjóðs fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hagnaður Ferðatryggingasjóðs á árinu 2024 nam kr. 104.662.382. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir sjóðsins kr. 599.070.198 og er bókfært eigið fé í árslok jákvætt um kr. 588.408.041. Á árinu 2024 námu iðgjaldatekjur sjóðsins kr. 79.465.732 og stofngjöld til sjóðsins á árinu námu kr. 43.980.017.

Á árinu 2024 greiddu 410 ferðaskrifstofur iðgjöld til Ferðatryggingasjóðs og 113 ferðaskrifstofur greiddu stofngjöld til sjóðsins.

Stjórn Ferðatryggingasjóðs leggur til að hagnaður ársins verði fluttur á næsta ár en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé sjóðsins.


Það er álit stjórnar Ferðatryggingasjóðs að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn Ferðatryggingasjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. júní 2025

Í stjórn



Andri Björgvin Arnþórsson stjórnarformaður



Jóhann Tómas Sigurðsson meðstjórnandi



Rannveig Grétarsdóttir meðstjórnandi

## Rekstrarreikningur 2024

|                                         | Skýr. | 2024               | 2023               |
|-----------------------------------------|-------|--------------------|--------------------|
| Rekstrartekjur.....                     | 2     | 79.465.732         | 109.738.769        |
| Tryggingarvernd.....                    | 10    | 0                  | 269.581            |
| Laun og annar starfsmannakostnaður..... | 3     | (2.861.090)        | (2.564.389)        |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður..... | 4     | (2.160.581)        | (1.826.429)        |
| <b>Rekstrarhagnaður</b>                 |       | <b>74.444.061</b>  | <b>105.617.532</b> |
| Fjármunatekjur.....                     |       | 38.825.804         | 13.412.093         |
| Fjármagnsgjöld.....                     |       | (8.607.483)        | (2.950.660)        |
|                                         | 5     | 30.218.321         | 10.461.433         |
| <b>Hagnaður ársins</b>                  |       | <b>104.662.382</b> | <b>116.078.965</b> |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

|                         | Skýr. | 31.12.2024         | 31.12.2023         |
|-------------------------|-------|--------------------|--------------------|
| <b>Fastafjármunir</b>   |       |                    |                    |
| Skuldabréfaeign .....   | 6     | 573.565.202        | 264.811.934        |
|                         |       | <u>573.565.202</u> | <u>264.811.934</u> |
| <b>Veltufjármunir</b>   |       |                    |                    |
| Óinnheimt iðgjöld ..... | 7     | 1.761.178          | 905.853            |
| Handbært fé .....       |       | 23.743.818         | 179.813.361        |
|                         |       | <u>25.504.996</u>  | <u>180.719.214</u> |
| <b>Eignir</b>           |       | <u>599.070.198</u> | <u>445.531.148</u> |

## 31. desember 2024

### Eigið fé og skuldir

|                              | Skýr. | 31.12.2024                | 31.12.2023                |
|------------------------------|-------|---------------------------|---------------------------|
| <b>Eigið fé</b>              |       |                           |                           |
| Stofngjald .....             |       | 246.679.132               | 202.699.115               |
| Óráðstafað eigið fé .....    |       | 341.728.909               | 237.066.527               |
| Eigið fé                     | 8     | <u>588.408.041</u>        | <u>439.765.642</u>        |
| <b>Skammtímaskuldir</b>      |       |                           |                           |
| Viðskiptaskuldir .....       | 10    | 5.734.660                 | 3.410.081                 |
| Fjármagnstekjuskattur .....  | 9     | 4.157.168                 | 1.221.581                 |
| Aðrar skammtímaskuldir ..... | 10    | 770.329                   | 1.133.844                 |
|                              |       | <u>10.662.157</u>         | <u>5.765.506</u>          |
| Skuldir                      |       | <u>10.662.157</u>         | <u>5.765.506</u>          |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>   |       | <u><u>599.070.198</u></u> | <u><u>445.531.148</u></u> |



## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

|                                                    | Skýr. | 2024              | 2023               |
|----------------------------------------------------|-------|-------------------|--------------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                          |       |                   |                    |
| Rekstrarhagnaður .....                             |       | 74.444.061        | 105.617.532        |
| <b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>      |       | <b>74.444.061</b> | <b>105.617.532</b> |
| Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun), lækkun ..... |       | (855.325)         | 4.662.178          |
| Rekstartengdar skuldir, hækkun .....               |       | 1.961.064         | 62.881             |
| <b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>  |       | <b>75.549.800</b> | <b>110.342.591</b> |
| Innborgaðir vextir .....                           |       | 14.445.132        | 1.166.671          |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur .....               |       | (5.604.608)       | (1.783.433)        |
| Greiddir vextir .....                              |       | (67.288)          | 0                  |
| <b>Handbært fé frá rekstri</b>                     |       | <b>84.323.036</b> | <b>109.725.829</b> |
| <b>Fjárfestingahreyfingar</b>                      |       |                   |                    |
| Keypt/seld skuldabréf .....                        |       | (296.181.628)     | (26.478.554)       |
| Afborganir skuldabréfa .....                       |       | 11.809.032        | 18.954.455         |
|                                                    |       | (284.372.596)     | (7.524.099)        |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                      |       |                   |                    |
| Innborgað stofnfé .....                            |       | 43.980.017        | 49.313.747         |
|                                                    |       | 43.980.017        | 49.313.747         |
| (Lækkun), hækkun handbærs fjár .....               |       | (156.069.543)     | 151.515.477        |
| Handbært fé í upphafi árs .....                    |       | 179.813.361       | 28.297.884         |
| Handbært fé í lok árs .....                        |       | 23.743.818        | 179.813.361        |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Ferðatryggingasjóðs fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að verðbréf eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði.

Viðskiptaþóknar eru færðar til lækkunar vaxtatekjum, verðbótum og gengismun en umsýsluþóknun fyrir eignastýringu og vörsluþóknun eru færðar sem sérstakur liður meðal gjalda.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 2. Iðgjöld

Samkvæmt lögum nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun greiða seljendur pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar árleg iðgjöld til Ferðatryggingasjóðs sem er ákveðið af stjórn Ferðatryggingasjóðs eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Á árinu 2024 námu iðgjöldin kr. 79.465.732.

## 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

|                              | 2024             | 2023             |
|------------------------------|------------------|------------------|
| Stjórnarlaun .....           | 2.400.000        | 2.150.000        |
| Lífeyrissjóður .....         | 288.000          | 259.250          |
| Tryggingagjald .....         | 170.690          | 152.989          |
| Önnur launatengd gjöld ..... | 2.400            | 2.150            |
|                              | <u>2.861.090</u> | <u>2.564.389</u> |

## 4. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

|                                                     | 2024             | 2023             |
|-----------------------------------------------------|------------------|------------------|
| Aðkeypt bókhald, reikningsskil og endurskoðun ..... | 1.241.844        | 1.147.930        |
| Funda- og viðskiptakostnaður .....                  | 41.410           | 0                |
| Eignastýringa- og vörsluþóknun .....                | 775.127          | 676.299          |
| Annar kostnaður .....                               | 102.200          | 2.200            |
|                                                     | <u>2.160.581</u> | <u>1.826.429</u> |

# Skýringar

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| Fjármunatekjur greinast þannig:                        | 2024        | 2023        |
|--------------------------------------------------------|-------------|-------------|
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....                    | 15.362.188  | 1.419.435   |
| Vaxtatekjur og verðbótahækkun af skuldabréfaeign ..... | 23.463.616  | 11.992.658  |
|                                                        | 38.825.804  | 13.412.093  |
| Fjármagnsgjöld greinast þannig:                        |             |             |
| Dráttarvaxtagjöld .....                                | (67.288)    | 0           |
| Fjármagnstekjuskattur .....                            | (8.540.195) | (2.950.660) |
|                                                        | (8.607.483) | (2.950.660) |
|                                                        | 30.218.321  | 10.461.433  |

## 6. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

|                                | 2024         | 2023         |
|--------------------------------|--------------|--------------|
| Staða í ársbyrjun .....        | 264.811.934  | 245.042.413  |
| Keypt á árinu .....            | 360.780.301  | 26.478.554   |
| Selt og innleyst á árinu ..... | (64.598.673) | 0            |
| Afborganir á árinu .....       | (11.809.032) | (18.954.455) |
| Verðbreytingar .....           | 24.380.672   | 12.245.422   |
| Staða í árslok .....           | 573.565.202  | 264.811.934  |

Skuldabréfin eru ríkisskuldabréf og í vörslu Arion banka hf.

## 7. Aðrar peningalegar eignir

| Óinnheimt iðgjöld               | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---------------------------------|------------|------------|
| Innlendar viðskiptakröfur ..... | 1.761.178  | 905.853    |
|                                 | 1.761.178  | 905.853    |

## 8. Eigið fé

|                           | Stofngjöld  | Óráðstafað eigið fé | Alls        |
|---------------------------|-------------|---------------------|-------------|
| Eigið fé 1.1.2023 .....   | 153.385.368 | 120.987.562         | 274.372.930 |
| Ný stofngjöld .....       | 49.313.747  |                     | 49.313.747  |
| Hagnaður ársins .....     |             | 116.078.965         | 116.078.965 |
| Eigið fé 1.1.2024 .....   | 202.699.115 | 237.066.527         | 439.765.642 |
| Ný stofngjöld .....       | 43.980.017  |                     | 43.980.017  |
| Hagnaður ársins .....     |             | 104.662.382         | 104.662.382 |
| Eigið fé 31.12.2024 ..... | 246.679.132 | 341.728.909         | 588.408.041 |

Samkvæmt lögum nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun greiða nýir seljendur pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar stofngjöld til Ferðatryggingasjóðs sem reiknast 1,5% af grunntryggingarfjárhæð. Á árinu 2024 námu stofngjöldin kr. 43.980.017. Stofngjöldin eru óendurkræf.

# Skýringar

## 9. Fjármagnstekjuskattur

Fjármagnstekjuskattur af hagnaði verðbréfa er færður til gjalda og skuldar í árslok. Sá hluti fjármagnstekjuskatts sem er vegna óinnleysts hagnaðar verðbréfa í árslok myndar skuldbindingu.

## 10. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

|                                  | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|----------------------------------|------------|------------|
| Innlendar viðskiptaskuldir ..... | 5.734.660  | 3.410.081  |
|                                  | 5.734.660  | 3.410.081  |

### Aðrar skammtímaskuldir

|                                        | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|----------------------------------------|------------|------------|
| Ógreidd laun og launatengd gjöld ..... | 770.329    | 1.133.844  |
|                                        | 770.329    | 1.133.844  |